



# Hestamannafélagið Glaður

## Aðalfundur 7. apríl 2009

*Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:*

Aðalfundur Hestamannafélagsins Glaðs, haldinn í Samkaupum-Strax í Búðardal, 7. apríl 2009.

Í upphafi fundar voru 12 félagsmenn mættir.

Formaður, Eyþór Jón Gíslason setti fund kl. 20:35 og bauð fundarmenn velkomna. Hann minntist tveggja látinna félag, þeirra Kristjáns E. Jónssonar og Skjaldar Stefánssonar en þeir voru báðir heiðursfélagar í Glað. Fundarmenn vottuðu þeim virðingu með því að rísa úr sætum.

Þá var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Formaður lagði til að Guðbjörn Guðmundsson yrði fundarstjóri og Þórður Ingólfsson fundarritari og var þetta samþykkt. Guðbjörn tók þá við stjórn fundarins.
2. Fyrir hönd stjórnar flutti Eyþór J. Gíslason, formaður, skýrslu yfir starf félagsins á síðasta starfsári. Hann sagði frá mótahaldinu, m.a. Hestaþingi sem tókst vel og var vel sótt. Hann nefndi þátttöku Glaðs í sameiginlegu úrtökumóti félaganna á Vesturlandi að Miðfossu. Taldi Eyþór ljóst að þess háttar samstarf myndi aukast á næstu árum. Þá kom fram að tveir keppendur kepptu fyrir hönd Glaðs á Landsmóti og stóðu sig með þryði. Einnig að undirbúningur Fjórðungsmóts Vesturlands gangi vel. Eyþór sagði frá afmælisárshátíð sem félagið hélt 15. apríl í tilefni af 80 ára afmæli sínu. Á árshátíðinni var gert kunnugt um fimm nýja heiðursfélaga, þá Björn Stefán Guðmundsson, Bæring Ingvarsson, Kristján Eðvald Jónsson, Sigurð Þórólfsson og Skjöld Stefánsson. Reiðnámskeið voru haldin og taldi Eyþór að auðveldara yrði um vik með námskeiðshald í framtíðinni þegar reiðhöllin verður komin í gagnið. Talsvert var unnið að reiðvega- og reiðleiðamálum. Nýbúið er að leggja reiðveg á sjávarbökkum frá Ljárskógum og næstum suður að Ljá. Eyþór lýsti óánægju sinni með þá ákvörðun sveitarstjórnar Dalabyggðar að fella út úr aðalskipulagi reiðleiðina yfir Kambsnes og beina með því ríðandi umferð að þjóðvegi sem væri afturför. Loks kom Eyþór inn á reiðhallarbygginguna og sagði að mikil vinna hefði farið í hana hjá stjórn. Byggingin gengur vel og nú er beðið eftir góðum degi til að setja járn á þakið. Eyþór færði þakkir öllum þeim sem lagt höfðu hönd á plóg með starfskröftum sínum og einnig þeim sem lánað hafa tæki sín og tól til verksins. Að lokum þakkaði Eyþór félagsmönnum fyrir góð störf á árinu.
- Þórður Ingólfsson, ritari fékk þá orðið og gerði grein fyrir breytingum í félagatalinu frá síðasta aðalfundi. Þrettán hafa hætt í félaginu og tveir eru látnir. Þrír nýjir félagar hafa gengið í félagið og klöppuðu fundarmenn fyrir þeim. Í félaginu eru nú 142 félagar.
3. Fundarstjóri gaf þá Valberg Sigfússyni, gjaldkera orðið og lagði Valberg fram og skýrði ársreikning félagsins fyrir árið 2008. Gjöld voru samtals kr. 3.032.625 og

tekjur kr. 1.521.847. Gjöld umfram tekjur voru því kr. 1.669.720 sem skýrist að langmestu leiti af framlagi félagsins til reiðhallarinnar á árinu.

4. Þá fóru fram umræður um ársreikninginn og lagði fundarstjóri til að undir þessum dagskrárlið yrði einnig tekin ákvörðun um árgjald fyrir yfirstandandi ár. Ekki urðu miklar umræður um ársreikninginn en Rúnar Jónasson spurði um færslu árgjalda og útskýrði Valberg að nú væri sá háttur hafður á að færa einöngu greidd árgjöld sem tekjur á árinu. Valberg lagði síðan til að árgjald fyrir fullorðna yrði hækkað í kr. 5.000 og í kr. 2.000 fyrir 13-16 ára félag. Þetta var samþykkt í einu hljóði. Næst var ársreikningurinn borinn upp til atkvæða og var hann sömuleiðis samþykktur í einu hljóði.
5. Umræður um skýrslu stjórnar voru næst á dagskrá en enginn kvað sér hljóðs undir þeim lið.
6. Næst fóru fram kosningar samkvæmt 6. grein laga félagsins.
  - a. Eyþór Jón Gíslason, formaður og Svala Svavarsdóttir, varaformaður voru bæði einróma endurkjörin til sömu embætta til þriggja ára.
  - b. Gísli Þórðarson óskaði ekki eftir endurkjöri sem skoðunarmaður reikninga. Fram kom tillaga um Rúnar Jónasson og var hann einróma kjörinn skoðunarmaður til tveggja ára.
  - c. Kosningu fulltrúa á sambandsþing UDN var vísað til stjórnar.
7. Þá var komið að kosningu í nefndir og voru eftirfarandi tillögur stjórnar samþykktar:

Fræðslunefnd: Sunna birna Helgadóttir, formaður  
Valberg Sigfússon  
Gilbert Hrappur Elísson

Reiðveganefnd: Guðbjörn Guðmundsson, formaður  
Kári Lárusson  
Ólafur Guðjónsson

Fulltrúi Glaðs í reiðveganefnd Vesturlands: Eyþór J. Gíslason

Mótanefnd: Einar Jón Geirsson, formaður  
Skjöldur Orri Skjaldarson  
Ingibjörg Eyþórsdóttir  
Friðjón Guðmundsson

Tölvu- og tækninefnd: Þórður Ingólfsson, formaður  
Ásgeir Salberg Jónsson  
Herdís Erna Gunnarsdóttir  
Svala Svavarsdóttir

Ekki var kjörin nein skemmtinefnd en lítilliga rætt um hugsanlegt skemmtanahald. Sigurður Jökulsson lagði til að Glaður og Hrossaræktarsamband Dalamanna myndu sameinast um að halda einhverskonar skemmtikvöld eða uppskeruhátíð en þá með einfaldara sniði en árhátíðir Glaðs hafa verið. Samþykkt var að formaður Glaðs vinni að þessu í samráði við formann Hrossaræktarsambandsins.

8. Önnur mál.
  - a. Þórður gerði grein fyrir því helsta sem fram fór á Landsþingi LH sem haldið var á Kirkjubæjarklaustri 2008.

- b. Fanney Þóra Gísladóttir spurði hvort til greina kæmi að koma upp sandkassa fyrir börn á athafnasvæði hestamanna í Búðardal en Eyþór lagði til að hún beindi þessu erindi til Hestaeigendafélags Búðardals.
- c. Eyþór kynnti drög að ársreikningi Nesodda ehf. og fór fram umræða um reiðhalla bygginguna. M.a. var rætt um það hvort hugsanlega verði endurúthlutað einhverju af styrkfé frá ríkinu.
- d. Rúnar nefndi það að á síðustu vetrarleikum hefði verið allt of mikið um bið eftir keppendum og að slíkt væri ekki áhorfendavænt. Eyþór útskýrði að vandinn væri sá að ekki heyrist úr dómpalli upp í hesthúshverfi en tók undir að knapar yrðu að fylgjast með og vera tilbúnir.
- e. Skjöldur Orri Skjaldarson spurði um álit fundarmanna á því að nú stæði til að íþróttamótið yrði opið og jafnvel flokkaskipt. Ekki komu fram neinar athugasemdir við þetta.
- f. Þórður ítrekaði fyrri óskir um að félagar sendu inn netföng sín. Hann greindi frá því að LH væri búð að semja um aðgang að WorldFeng fyrir alla skuldlausu féлага í hestamannafélögum en sá aðgangur fengist ekki nema með því að vera með skráð netfang í félagatalinu.

Fleiri mál voru ekki rædd. Fundarstjóri gaf formanni að lokum orðið og sleit hann fundir kl. 22:30.

*Þórður Ingólfsson, fundarritari*